

Mánudaginn 4. marz 1957.

Nr. 84/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Stefaníu Lóu Valentínusdóttur f. h. sjálfrar
sín og ólöggráða barna sinna, Bjarna Ragnars
Magnússonar og Sólveigar Sigríðar Magnús-
dóttur, og gagnsök**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dánarbætur vegna umferðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1956, gerir aðallega þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og hvorum aðilja um sig dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 315.121.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 70.274.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 73.687.00 ásamt 6% ársvöxtum af dæmdum fjárhæðum frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags. Enn fremur krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ekki er í ljós leitt, að bifreiðarslys það, sem í málinu greinir, hefði orðið, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt

fulla aðgæzlu og varkárni. Má því staðfesta úrlausn héraðsdóms um sakarskiptingu.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má fallast á, að gagnáfrýjandi, Stefania Lóa Valentínusdóttir, eigi rétt á bótum eftir hinn látna, Magnús Karl Þorsteinsson. En þar sem sambandi þeirra verður þó ekki jafnað til hjúskapar, þykja bæt-ur henni til handa fyrir missi fyrirvinnu og röskun á högum, þegar litið er til framangreindrar skiptingar á ábyrgð á slysinu, hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Börn gagnáfrýjanda og Magnúsar Karls Þorsteinssonar hafa notið óendurkræfs lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar frá næstu mánaðamótum, eftir að slysið varð, og haldast þær greiðslur til 16 ára aldurs þeirra. Bæt-ur fyrir missi fyrirvinnu og röskun á högum úr hendi aðaláfrýjanda til Bjarna Ragnars Magnússonar þykja hæfilega ákveðnar kr. 24.000.00 og til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur kr. 26.000.00.

Af dæmdum fjárhæðum ber aðaláfrýjanda að greiða 6% ársvexti frá 12. ágúst 1955, svo sem krafist er.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.000.00, þar af kr. 10.000.00 til skipaðs málflytjanda gagnáfrýjanda hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Stefaniu Lóu Valentínusdóttur, sjálfri kr. 60.000.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 24.000.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 26.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 21.000.00, þar af kr. 10.000.00 til málflutningsmanns hennar í Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmans.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 8. maí 1956.

Ár 1956, þriðjudaginn 8. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 21. apríl síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu með stefnu, birtri 22. október f. á., af Stefaníu Lóu Valentínusdóttur, Múlakampi 12, Reykjavík, f. h. sjálfrar sín og ólögráða barna sinna, Bjarna Ragnars Magnússonar og Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta vegna láts Magnúsar Karls Þorsteinssonar, að fjárhæð kr. 459.082.00 auk 7% ársvaxta frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru gerðar þessar réttarkröfur:

1. Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

2. Til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Þá er og stefnt til réttargæzlu Brynjólfi Stefánssyni forstjóra f. h. Sjóváttryggingarfélags Íslands h. f., án þess að sérstakar kröfur séu gerðar á hendur því félagi, en upplýst er, að bifreiðin VL 274 var tryggt þar fyrir 300 þúsund krónur.

Máli þessu er beint gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs samkvæmt heimild í 2. mgr. 12. gr. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjamanna og eigna þeirra hér á landi, sbr. lög nr. 110/1951, með því að bifreiðin, sem tjóninu olli, VL 274 (ND 671), var eign Hamilton-verktakafélagsins á Keflavíkurlflugvelli og bifreiðarstjórinn í þjónustu þess félags, sbr. og 34. og 35. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Málið var flutt í bæjarþingi Hafnarfjarðar og rekið þar með samkomulagi umboðsmanna aðila.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. september 1954 varð dauðaslys á Reykjanesbraut á móts við Engidal, rétt norðan við kaupstaðarmörk Hafnarfjarðarbæjar. Bifreiðin VL 274, sem er eign Hamiltonfélagsins á Keflavíkurlflugvelli, var í áætlunarferð frá Reykjavík þangað suður, og ók henni Sigurður Steindórsson bifreiðarstjóri, Austurgötu 16, Keflavík, sem var í þjónustu fyrrgreinds félags. Í bifreiðinni voru 25—30 farþegar, og var hún komin niður í lægðina við hraunbrúnina við Engidal um nóttina kl. 3.15. Ók bifreiðarstjórinn þá

með 25 mílna hraða, miðað við klukkustund, eftir því sem hann gizkaði á, en hraðamælirinn var óvirkur.

Skemmtun hafði verið í Engidal um kvöldið og fram á nótt, en var nú lokið fyrir skömmu. Á þessum slóðum mætti bifreiðin VL 274 öðrum bíl, og skipti því bifreiðarstjórinn niður á lægri ljós, en var ekki búinn að skipta upp aftur, er slysið varð.

Ofantil við miðja brekkuna, sem þarna var skammt framundan, sá bifreiðarstjórinn bíl standa með fullum ljósum á hægri vegarbrún, frá honum séð, og sneri til Reykjavíkur. Bifreiðarstjórinn á VL 274 kveðst nú hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar, þar sem hann taldi líklegt, að um væri að ræða mannaferðir í sambandi við stöðu þessarar bifreiðar. Í þeim svifum kvaðst hann hafa séð mann koma af mikilli ferð hratandi áfram stjórnlítið móti bifreiðinni og stefna framan á hana. Kveðst þá bifreiðarstjórinn hafa snarhemplað og reynt að sveigja til vinstri og forða árekstri, en um það bil, er bifreiðin hafi verið að stöðvast, hafi maður þessi lent á bifreiðinni, en kastast til baka við höggið, og féll hann á götuna ca 2½ metra framan við bifreiðina á vegarjaðrinum vinstra megin.

Maðurinn, sem fyrir slysinu varð, hét Magnús Karl Líndal Þorsteinsson, talinn til heimilis Hamarsbraut 9 í Hafnarfirði, og lézt hann þegar eftir áreksturinn. Við krufningu á líkinu kom í ljós, að vinstri lærleggur og fjögur rif vinstra megin voru brotin, og sömuleiðis var höfuðkúpan mikið brotin. Í blóði hans fundust reducerandi efni, er svöruðu til 2.08% alkoholinnihalds, enda upplýst, að maðurinn hefði verið mikið drukkinn.

Þessa nótt hafði veður verið ágætt, svo til logn, en talsvert myrkur, enda tunglskinslaust. Vegurinn, þar sem slysið skeði, er um sjö metra breið malbikuð braut, en meðfram syðri vegarbrún er um metersbreið malarræma, óslétt, en meðfram nyrðri brún hans er viðbótarræma, malborin, um 3.30 metra breið til jafnaðar.

Bifreiðin VL 274 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni strax eftir slysið. Reyndist þá, að þegar henni var ekið með ca 25—30 mílna hraða, stöðvaðist hún á 9 metra vegarlengd á malbikuðum vegi, er beitt var fóthemlum, en þá markaði ekki fyrir hemla-förum eftir framhjólin. Ljósinn að framan vísuðu skakkt, þ. e. fyrir hægri akstur. Flauta og hraðamælir voru óvirk, hurðir undnar og lokuðust illa.

Bifreiðarstjórinn á VL 274 hefur fullyrt, að gallar þeir, sem samkvæmt franssögðu voru á bifreiðinni, hafi engan þátt átt í slysinu og sjálfur hafi hann að öllu leyti verið vel fyrir kallaður.

Hann hafði ekið bifreið þessari í ca 3 mánuði, áður en slysið varð, og átti því að vera kunnugt um fyrrgreinda galla og þeirra vegna að gæta aukinnar varúðar.

Með dómi, uppkveðnum í sakadómi Keflavíkur 17. marz s. 1. í málinu ákærvaldið gegn Sigurði Steindórssyni, er ákærði dæmdur í 2000 króna sekt vegna fyrrgreinds áreksturs.

Í forsendum dómsins segir meðal annars, að vegna mannaferða, er ákærði hafi orðið var við, rétt áður en hann kom á slystaðinn, hefði honum borið að sýna sérstaka aðgæzlu og varúð í akstri sínum og aka ekki hraðar en það, að stöðva mætti bifreiðina á stundinni, enda þótt hann hefði ekki átt að þurfa að gera ráð fyrir, að menn þeir, er þarna kynnu að vera á ferð, sýndu af sér sérlega frábrugðin viðbrögð. Þessarar auknu aðgæzlu og varúðarskyldu virtist ákærði ekki hafa gætt, sem skyldi, og þætti hann þess vegna hafa orðið að nokkru samvaldur Magnúsi Karli að slysinu, sem þó að langmestu leyti verði rakið til atvika, sem ekki verði unnt að telja ákærða eiga nokkra sök á.

Í máli þessu hefur fyrst og fremst orðið ágreiningur um bótaskylduna, og skal það nú tekið til athugunar.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að slys þetta sé bótaskyldt samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, gr. 264, 2. mgr., og bifreiðalaga nr. 23/1941 og almennum reglum skaðabótaréttarins. Bifreiðarstjórinn á VL 274 eigi alla sök á slysinu og skipting ábyrgðar komi þá ekki til greina.

Af hálfu stefnda er á hinn bóginn haldið fram, að ökumanni VL 274 verði á engan hátt gefin sök á slysi þessu, heldur sé um að kenna framkomu Magnúsar Karls, sem verið hafi að slangra inni á akbrautinni ofurölvi með viðbrögðum, sem bifreiðarstjórinn hefði ekki haft aðstöðu til að búast við, og slysinu hefði af þeim sökum ekki orðið afstýrt.

Dómarinn verður að telja með vísun til þess, sem að framan hefur verið rakið um atvik að slysinu, og galla þá, sem voru á útbúnaði bifreiðarinnar VL 274, að bifreiðarstjórinn, Sigurður Steindórsson, og maður sá, sem beið bana, Magnús Karl Þorsteins-son, hafi báðir átt þannig sök á slysinu, að skipta beri ábyrgðinni til helminga.

Magnús Karl Línal Þorsteinsson var fæddur 28. júní 1923, en unnusta hans, Stefanía Lóa Valentínusdóttir, stefnandi í máli þessu, er fædd 17. júní 1932. Hafði hún alið honum tvö börn, Bjarna Ragnar, fæddan 28. september 1951, og Sólveigu Sigríði, fædda 4. marz 1954.

Bótakröfur sínar í málinu sundurliðar stefnandi, eins og hér

segir, samkvæmt útreikningi tryggingafræðings um missi fyrir-
vinnu og framfæranda, en áætlunarupphæðin er vegna röskunar á
stöðu og högum:

1. Bætur til Stefaníu Lóu Valentínusdóttur:		
a. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	290.121.00
b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	25.000.00
		kr. 315.121.00
2. Bætur til Bjarna Ragnars Magnússonar:		
a. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	35.274.00
b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	35.000.00
		kr. 70.274.00
3. Bætur til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur:		
a. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	38.687.00
b. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	35.000.00
		kr. 73.687.00
	Alls kr.	459.082.00

Um lið 1, a—b.

Af hálfu stefnanda er upplýst, að kynni þeirra Stefaníu Lóu og Magnúsar Karls hafi hafizt, er hún var 17 ára gömul. Eftir fæð-
ingu fyrra barnsins hefðu þau reynt að afla sér íbúðar, en ekki
tekizt, en byrjað þó búskap í Selbykamp 24 í Reykjavík hjá móð-
ur hennar og búið hjá henni í Múlakamp 12 í janúar 1953 og
síðan.

Þau hefðu heitbundizt um haustið 1950 og opinberað með hring-
um 4. ágúst 1954. Hefðu þau gert margar tilraunir til að útvega
sér íbúð til að geta stofnað bú, en ekki heppnast.

Magnús Karl stundaði sjómennsku frá Hafnarfirði og skrifaði
sig þar, eins og áður segir, þó hann hefði þar hvorki húsnæði eða
fæði, en gerði þetta vegna atvinnu sinnar hjá Bæjarútgerð Hafn-
arfjarðar, en Hafnfirðingar ganga þar fyrir utanbæjarmönnum
um atvinnu. Þegar hann var í landi, bjó hann alltaf hjá heitmey
sinni.

Hún hafði heimild til að taka kaup hans hjá útgerðinni og not-
aði sér það strax, eftir að fyrri barnið fæddist, og oft síðan, enda
hafi hún ekki haft neinar tekjur sjálf til framfærslu heimilis
þeirra.

Samkvæmt vottorði læknis hafði Stefanía Lóa haft epilepsi um
mörg ár, án þess að það háði henni mjög, en þó versnað eftir

låt kærastans. Þegar vottorð þetta var gefið 2. september 1955, er talið, að hún sé nokkurn veginn búin að ná heilsu, sem hún hafði áður.

Í málinu er lagður fram útreikningur tryggingafræðings, þar sem byggt er á skattaframtali Magnúsar Karls 1953 og 1954 og bréfi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar 11/2 1955 um vinnutekjur hans árin 1952, 1953 og til 5/9 1954. Er þar gengið út frá, að Stefanía Lóa hafi notið þess hluta vinnutekna hans, sem afgangs væri framfærslu barnanna, til jafns við hann, svo sem um eigin konu væri að ræða og framfærsla barnanna reiknuð það, sem lögákveðið meðlag er með óskilgetnum börnum til 16 ára aldurs.

Af hálfu stefndu er ekki mótmælt tölulegum útreikningi tryggingafræðingsins. Hins vegar er haldið fram, að þau Stefanía Lóa og Karl Magnús muni ekki hafa búið saman og allt samband þeirra virzt vera svo laust, að á engan hátt verði jafnað til hjúskapar. Hann hafi ekki veitt henni fjárstyrk sér til framfærslu, nema ef til vill meðlag með börnum þeirra, og því verði ekki talið, að hún hafi verið á hans framfæri né átt neina von þess að verða það. Geti stefnandi því ekki átt kröfu á neinum fjárhagstjónsbótum og beri því að sýkna stefnda af þessum kröfulið. Verði ekki á þetta fallizt, beri að stórlækka bætur til stefnanda af þessum sökum, og jafnframt bent á, að útreikningur tryggingafræðings sé miðaður við 4% vexti p. a., sem sé allmiklu of lágt, og ekki tekið tillit til, að bætur sem þessar séu skattfrjálsar og þessi atriði eigi bæði að koma hér til lækkunar.

Það verður að teljast nægilega sannað í málinu, að Stefanía Lóa Valentínusdóttir og Magnús Karl Þorsteinsson hafi búið saman ógift, frá því seint á árinu 1951 og þar til hann lézt, og heimili þeirra hafi verið á hans framfæri. Ekkert hefur komið fram, er bendi til þess, að breyting væri í vændum á sambúð þessari, sem leiða kynni til slita, heldur frekar það gagnstæða, þar sem þau höfðu nýlega opinberað með hringum hjúskaparheit sín og enn fremur gert ítrekaðar tilraunir til að ná sér í íbúð í því skyni að stofna til hjúskapar.

Með vísun til þess, sem hér er fram tekið, verður að fallast á, að stefnandi, Stefanía Lóa Valentínusdóttir, eigi rétt til bóta fyrir missi framfærslu við dauða Magnúsar Karls Þorsteinssonar samkvæmt 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 58. gr. laga um almennar tryggingar.

Við ákvörðun bótanna verður sambandi þeirra þó ekki að fullu jafnað til hjúskapar.

Stefnandi hefur engar greiðslur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir sjálfa sig.

Auk téðrar kröfu um bætur fyrir missi fyrirvinnu krefst stefnandi fyrir sig vegna röskunar á stöðu hennar og högum kr. 25.000.00, og er sú fjárhæð áætluð án frekari gagna.

Bótaupphæð samkvæmt þessum lið, bæði á fyrirvinnumissi og röskun á högum stefnanda og stöðu, þykir hæfilega ákveðin kr. 200.000.00.

Um lið 2—3, a—b.

Bótakröfur barnanna fyrir missi framfæranda eru gerðar eftir útreikningi tryggingafræðings. Af hálfu stefnanda er á það bent, að leiða eigi af aðferð tryggingafræðingsins við skiptingu vinnutekna Magnúsar Karls, að hlutur barnanna af þeim ætti að vaxa að sama skapi og hlutur móður þeirra væri minnkaður.

Af hálfu stefnda er útreikningi þessara kröfuliða út af fyrir sig ekki mótmælt tölulega, en á það bent, að vextir eru þar 4% p. a., en almennt séu vextir hærri en það. Þá muni bæði börnin njóta framfærslueyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sem muni vera jafnhár árlega og krafa þessi sé, og hafi bæði börnin í þessu efni lítið sem ekkert tjón beðið. Beri því að sýkna stefnda af þessum kröfuliðum.

Kröfur barnanna um bætur fyrir röskun á stöðu og högum eru áætlunarupphæðir, og er af hálfu stefnda krafizt, að þeir kröfuliðir verði lækkaðir.

Samkvæmt vottorði Tryggingastofnunar ríkisins hafa börnin hvort um sig notið óendurkræfs barnalífeyris, 200 króna á mánuði auk verðlagsuppbótar, frá því að slysið varð til 31. desember 1955, og haldast þær greiðslur væntanlega til 16 ára aldurs barnanna.

Með hliðsjón af því, sem hér er fram tekið, þykja bætur fyrir missi framfæranda og röskun á högum til handa börnunum hæfilega ákveðnar eins og hér segir:

Til Bjarna Ragnars Magnússonar kr. 60.000.00 og til Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur kr. 63.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til greiðslu tjónbóta, að helmingi á samtals kr. 323.000.00, eða á krónum 161.500.00.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína úr 7% í 6% vexti p. a., og ber að taka það til greina og að öðru leyti eins og krafizt er í stefnu.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 15.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Stefaníu Lóu Valentínusdóttur, vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00, henni f. h. sonar hennar, Bjarna Ragnars Magnússonar, kr. 30.000.00 og f. h. dóttur hennar, Sólveigar Sigríðar Magnúsdóttur, kr. 31.500 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 12. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. marz 1957.

Nr. 116/1954. **Kjartan Bjarnason** (Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Jóel Jónassyni (Kristján Guðlaugsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað í skaðabótamáli vegna skorts á sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þar sem stefndi, Jóel Jónasson, hefur ekki gagnáfrýjað málinu, kemur hér einungis til álita, hvort hann eigi rétt til fébóta úr hendi áfrýjanda, Kjartans Bjarnasonar, fyrir missi lambs þess, er hann kveður hund hafa bitið til skemmda hinn 23. júlí 1950.

Hreppstjóri Gerðahrepps kom á heimili stefnda samkvæmt beiðni hans um kl. 17.00 nefndan dag, 23. júlí 1950, til að